

getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkvæmt 1. lið 54 35. gr. raforkulaganna allt að 20 milljónum króna, þó eigi meira en nemur $\frac{1}{3}$ hluta 20. apríl af stofnkostnaði mannvirkjana.

3. gr.

Framkvæmdir samkv. 1. gr. mega ekki hefjast, nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjunarframkvæmdir samkv. ákvæðum raforkulaga.

4. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að festa kaup á vatnsréttindum í ánum fyrir botni Arnarfjarðar, ef viðunandi kjör fást.

5. gr.

Heimilt er að endurgreiða kostnað þann, sem sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa greitt vegna undirbúnings Vestfjarðavirkjunar, og telja með stofnkostnaði, enda öðlist rafmagnsveitur ríkisins þá eignarrétt á öllum uppdráttum og áætlunum um Dynjandisvirkjun, sem Orkuver Vestfjarða h/f lét gera.

6. gr.

Heimild sú, sem veitt er í lögum þessum, skal þó ekki tefja byggingu þeirra orkuvera á Vestfjörðum, sem þegar eru tekin upp í heimildarlög, ef þær virkjanir þæitu hagkvæmari, enda verði teknar um það ákvarðanir svo fljótt sem verða má.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.
(L. S.)

Árni Tryggvason.

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 8. tölul. í 1. gr. laganna koma þrjár nýir tölul., svo hljóðandi:

- a. Að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði í allt að 5300 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Egilsstaða, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðarkauptúns, Búðareyrar í Reyðarfirði og Búðakaup-túns.

- 55 20. apríl b. Að virkja Haukadalsá í Dalasýslu í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu raforku handa fimm syðstu hreppum Dalasýslu.
c. Að virkja Múlaá í Geiradalshreppi í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu raforku handa nálægum hreppum.

2. gr.

- a. Í stað orðanna „74 millj. kr.“ í fyrri málslið 2. gr. laganna komi: 99 millj. kr.
b. Í stað orðanna „25 millj. kr.“ í síðari málslið sömu lagagr. komi: 33 millj. kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.
(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

56

21. apríl

L Ö G

um sildarleit úr lofti.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Halda skal uppi sildarleit fyrir Norður- og Austurlandi vor- og sumarmánuð-ina, eftir því sem nánar verður ákveðið af sildarleitarnefnd og sildarleitarstjóra.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem skal hafa yfirstjórn sildarleitarinnar með höndum. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar sildarverksmiðja ríkisins, annar samkvæmt tilnefningu sildarútvegsnefndar og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu stjórnar fiskimálasjóðs. Ráðherra skipar einn þeirra formann. Nefndin ber nafnið sildarleitarnefnd og skal vera ólaunuð.

3. gr.

Sildarleitarnefnd ræður sildarleitarstjóra, ákveður laun hans og setur honum erindisbréf.

Sildarleitarstjóri ræður starfsmenn sildarleitarinnar, tekur á leigu flugvélar til leitarinnar og hefur með höndum daglega stjórn hennar, allt í samráði við sildarleitarnefnd. Hann skal dveljast á Siglufirði eða Raufarhöfn um sildarleitartímann. Má hann ekki hafa önnur störf með höndum á tímabilinu, sem sildarleitin stendur yfir.

4. gr.

Í júnímánuði ár hvert skulu sildarverksmiðjur ríkisins, sildarútvegsnefnd og fiskimálasjóður leggja fram hver um sig 100 þús. kr. til þess að standa straum af